

Forsætisnefnd

Tillaga að breyttu hlutverki forsætisnefndar

Á fundi borgarstjórnar þann 21. júní 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Borgarstjórn samþykkir að færa málaflokka atvinnumála, nýsköpunar og ferðaþjónustu til forsætisnefndar. Forsætisnefnd er falið að vinna tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sem skal lögð fram til fyrri umræðu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Borgarstjórn samþykkir að færa málaflökk ferðamála undir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð, málaflökk nýsköpunarmála undir stafrænt ráð og að málaflökkur atvinnumála verði áfram undir borgarráði.

Breytingartillagan var felld með 15 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Viðreisnar gegn 6 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarfulltrúar Flokks fólksins og Vinstri grænna sátu hjá við afgreiðsluna.

Tillaga um breytt hlutverk forsætisnefndar var samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, og Viðreisnar gegn 8 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalistaflokks Íslands. Borgarfulltrúar Flokks fólksins og Vinstri grænna sátu hjá við afgreiðsluna.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að raungera það sem fram kemur í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar; „atvinnumál, nýsköpun og ferðaþjónusta heyri undir forsætisnefnd.“

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:



Reykjavíkurborg er sjálfstætt stjórnvald sem stjórnað er af lýðræðislega kjörinni borgarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins. Forsætisnefnd hefur því hlutverki að gegna að tryggja vel skipulagða fundi borgarstjórnar, og þar með stuðla að góðum starfsanda. Að sama skapi er það ekki hlutverk forsætisnefndar að taka afstöðu til efnisatriða er varða stjórn Reykjavíkurborgar enda þekkist það vart að nefnd á vegum löggjafarþings, þjóðþings eða stjórnar sveitarfélags, sem sér um fundarstjórn, blandi sér í pólitísk efnisatriði. Það bókast hér með að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn gjalda varhug við því að í störf forsætisnefndar blandist verkefni atvinnulífs, nýsköpunar og ferðamála, sem eru veigamiklir og mikilvægir málaflakkar. Ákjósanlegra væri fyrir málaflökkana að færa þá undir viðeigandi fagråd innan borgarkerfisins.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að stækka hlutverk forsætisnefndar. Fulltrúar sósíalista telja að betur færi á því að stofna nýtt råd utan um þau verkefni sem eru talin upp sem eru atvinnumál, ferðapjónusta og nýsköpun, eða þau ætti að fella inn í núverandi råd sem sjá um þau verkefni. Verka- og launafólk eru kjarninn í atvinnumálum. Án starfsfólks er engin starfsemi. Það er eðlilegt að það, eða samtök þeirra, hafi aðkomu að ráði þar sem verið er að fjalla um atvinnumál, og eðlilegt að kjaramál þeirra sem starfa beinlínis fyrir borgina verði umfjöllunarefni ráðsins sem og umræða um ásættanlegt launabil innan borgarinnar, stærsta vinnustaðar á landinu. Fulltrúar sósíalista hafa áhyggjur af því að megináherslur ráðsins í atvinnumálum verði litaðar af einfeldningslegri sýn á svokallað „atvinnulíf“ þar sem öll þau sem eiga sér ekkert nema atvinnulíf gleymast. Sósíalar munu vinna ötullega að því að rödd verka- og láglaunafólks og starfsfólks sem vinnur í borginni og fyrir borgina fái viðeigandi áheyrn í ráðum og nefndum borgarinnar. Varðandi breytingartillögu Sjálfstæðisflokksins, þá taka Sósíalar undir mikilvægi þess að málefni sem eru til umræðu verði til umfjöllunar í viðeigandi ráðum en telja t.a.m. ekki að ferðamál eigi heima í menningar-, íþrótt- og tólmstundaráði.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillagan sem hér um ræðir felur í sér aukið hlutverk forsætisnefndar svo um munar. Nefndin fundar tvisvar í mánuði og á að taka yfir ólíklegustu mál, s.s. atvinnumál og ferðapjónustu. Ekki er alveg séð hvernig þessi mál falla undir hlutverk forsætisnefndar eins og það var hugsað í grunninn. Þar ægir nú öllu saman, allt frá því að skipuleggja starf borgarstjórnar og fjalla um málefni kjörinna fulltrúa yfir í stóra málaflökka eins og atvinnu- og ferðamál. Nú þegar hlutverk forsætisnefndar hefur verið útvíkkað svo um munar er spurning hvort ekki þurfi að fjölga fundum og breyta nafni nefndarinnar.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar

BORGARSTJÓRN 21. júní 2022: Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar að breyttu hlutverki forsætisnefndar - MSS22060157

Borgarstjórn samþykkir að færa málaflokka atvinnumala, nýsköpunar og ferðapjónustu til forsætisnefndar. Forsætisnefnd er falið að vinna tillogu að breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sem skal logð fram til fyrri umræðu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september.

Greinargerð:

Í 50. gr samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sem fjallar um forsætisnefnd segir: „Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar. Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. másl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt. Tilnefna skal varamenn í forsætisnefnd sem taka sæti á fundum hennar þegar fulltrúar eru forfallaðir. Hið sama gildir um varaáheyrnarfulltrúa. Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði, á föstudögum fyrir reglulegan fund borgarstjórnar. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.
5. Fjallar um og setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
6. Fjallar um opinberar móttökur Reykjavíkur og hefur eftirlit með því að reglum um móttökur sé fylgt.
7. Fjallar um málefni kjörinna fulltrúa og afgreiðir tilkynningar þeirra um fæðingarorlof, veikinda- og slysaforföll.
8. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða, og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.“

Samkvæmt ofangreindu ákvæði samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar hefur forsætisnefnd nú þegar með höndum nokkur aðskilin verkefni s.s. að skipuleggja starf borgarstjórnar, hafa umsjón með alþjóðlegu samstarfi og fjalla um reglur um kjör og starfsaðstæður borgarfulltrúa. Forsætisnefnd hefur þar að auki áður verið falið að annast aðra málaflokka í gegnum tíðina s.s. umsjón með stjórnkerfisbreytingum, skipulagning norrænu höfuðborgarráðstefnunnar og utanumhald um viðburði Reykjavíkurborgar vegna 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Í tillögunni er lagt til að málaflokkur atvinnumala, nýsköpunar og ferðapjónustu verði vistaður hjá forsætisnefnd. Nokkur rök má færa fyrir þeim flutningi. Atvinnumál, nýsköpun og ferðapjónusta hefur ekki átt fastan stað í borgarskipulaginu saman um síðustu ár.

Atvinnumál, nýsköpun og ferðapjónusta eru málaflokkar sem eiga margt sameiginlegt með núverandi verkefnum forsætisnefndar og munu stuðla að því að efla störf nefndarinnar og skerpa það hlutverk sem nefndin hefur nú þegar varðandi alþjóðleg samskipti borgarstjórnar.

Ferðapjónustumál hafa heyrt undir menningar og ferðamálaráð fram til ársins 2018 þegar því var breytt. Fóru þá ferðapjónustumál undir borgarráð sem þá einnig var með atvinnumál á sínum snærum án nýsköpunar. Við gerð nýrrar atvinnu og nýsköpunarstefnu sem samþykkt var í nýlega kom fram mikill áhugi og þörf á því að finna málaflokknum stað í skipulagi borgarinnar. Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar er skýr sýn á málaflokkinn og áhugi á því að setja hann í forgrunn. Að færa málaflokkinn undir forsætisnefnd er tilvalin leið til þess að gefa honum þann veg og virðingu sem borgarstjórn vill ásamt því að sýna hagkvæmni í rekstri og stofna ekki nýtt ráð, en þess í stað nýta innviði og kerfi sem til eru.

Forsætisnefnd er nú þegar starfandi og hluti af nefndakerfi borgarstjórnar auk þess sem fulltrúar í forsætisnefnd fá greitt samkvæmt samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Almennt er forsætisnefnd allt að því oddvitavettvangur í ljósi þess að þar eru störf borgarstjórnar undirbúin og má líta á það sem styrk fyrir málaflokkana að allir flokkar hafi aðkomu að forsætisnefnd. Verkefni forsætisnefndar eru vel skilgreind og í góðum farvegi og því er talið að ágætis ráðrúm sé til þess að bæta verkefnum á nefndina.